

Norrænn skjaladagur á Íslandi 2003

Skýrsla undirbúningsnefndar



Desember 2003

Í lok skjaladags 2002

Þann 17. des. 2002 var fundur fulltrúa skjalasafnanna, sem tóku þátt í skjaladeginum 2002, til að meta skjaladaginn það ár. Fundurinn var í Þjóðskjalasafni og á honum voru einkum fulltrúar safna á suðvesturhorni landsins. Sent hafði verið út matsblað til héraðsskjalasafna og á grundvelli þess var hægt að fullyrða að dagurinn gekk betur 2002 en árið áður. Gestir sem sóttu söfnin heim voru 500 í stað 200 og 12 söfn tóku þátt í stað 8 árið áður. Í Reykjavík gekk dagurinn fremur illa, þ.e. fáir komu í söfnin, hugsanlega átti afleitt veður þar einhverja sök. Fundurinn var sammála um að undirbúningsnefnd þyrfti að taka til starfa á fyrri hluta næsta árs og leiða undirbúnings- og kynningarstarf vegna næsta skjaladags.

Norræna samstarfsnefndin fundar um skjaladag

Fundur norrænu samstarfsnefndarinnar til undirbúnings norrænum skjaladegi 2003 var í Kaupmannahöfn 7. feb. Hann sóttu fyrir Íslands hönd Eiríkur G. Guðmundsson og Svanhildur Bogadóttir. Þar mættu fulltrúar norðurlandanna fimm auk nýs landskjalavarðar Færeyinga. Færeyingum og Grænlandingum var boðið sérstaklega á fundinn. Á fundinum var ákveðið að þema skjaladagsins í ár væri *líkami heilsa og íþróttir*. Danir tóku að sér að leiða starfið og buðust til að sjá um sameiginlega heimasíðu. Þá var skipuð sérstök framkvæmdanefnd (koordineringsgruppe) um norrænan skjaladag. Í henni situr einn frá hverju landi.

Bente Jensen, Danmark
Cristina Forsell, Finland
Anne Aune, Norge
Birgitta Stapf, Sverige
Lena Nolsøe, Færøerne
Eiríkur Guðmundsson, Island
og Charlotte S. H. Jensen (starfsmaður)

Fulltrúarnir bera ábyrgð á samstarfinu, skilgreiningu dagsins, samræmingu og samskiptum vegna norræns skjaladags í ár og að leggja fram tillögur um þema fyrir árið 2005.

Undirbúnings- og framkvæmdanefnd hér á landi

Um miðjan febrúar á þessu ári lagði fulltrúi Þjóðskjalasafns til að í undirbúningsnefnd yrðu skipaðir fulltrúar tveggja stærstu skjalasafnanna, Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns Reykjavíkur og tveggja héraðsskjalasafna í nágrenni Reykjavíkur (Borgarfjarðar, Mosfellsbæjar). Þessi tillaga var send út á skjalapóst og bærust engar aðrar tilögur. Í nefndinni eru því:

Eiríkur G. Guðmundsson ÞÍ
Jón Torfason ÞÍ
Jóna G. Torfadóttir Borgarnesi
Sólveig Magnúsdóttir Mosfellsbæ
Svanhildur Bogadóttir Borgarskjalasafni

Nefndin hélt fyrsta fund í byrjun mars. Nefndin hittist svo reglulega, alls 9 sinnum, og undirbjó framkvæmd dagsins, útfærði hugmyndir og tillögur um það sem skjalasöfnin gætu gert í sameiningu. Fundað var til skiptis hjá nefndarmönnum. Nefndin fjallaði einkum um gerð plakats (þar með götuskilti), nýjan vef, auglýsingar og fjölmiðlasamskipti og samdi aðgerðalista og tillögur ýmsar er laut að framkvæmd skjaladags sem skjalasöfnin gátu stuðst við. Nefndin sendi í byrjun apríl út könnun til héraðsskjalasafna og spurði um nokkur atriði varðandi skjaladaginn. Svör frá 12 söfnum bárust og voru þau höfð til hliðsjónar við

áframhaldandi starf nefndarinnar. Á fundi héraðsskjalavarða í Þjóðskjalasafni 19. maí voru svo tillögur nefndarinnar kynntar og fengu ágætar undirtektir eða litla gagnrýni.

Plakat. Í fyrra var gefinn út bæklingur til að nota við kynningu skjaladags m.a. vegna þess að það væri hentugt að stinga honum á sig til að lesa þegar heim væri komið. Í ár vildu menn plakat og lagði nefndin allnokkra vinnu í það en frumhönnun var í höndum Jónu Guðbjargar. Þegar hún og aðrir í nefndinni höfðu lokið við drög að plakatinu var það sent til hönnuðar, Höskuldar Harra, sem lagði síðustu hönd á verkið. Prentuð voru 600 eintök. Öllum skjalasöfnum voru send eintök til að auglýsa skjaladaginn.

Vefur. Frumhugmyndir um vefinn voru ræddar í talsvert í nefndinni og þar var ákveðið að fá öll söfnin til að vera með lágmarksupplýsingar á vefnum. Annars tóku Sólveig og Svanhildur að sér að vinna með Benedikt Jónssyni vefara í Þjóðskjalasafni að vefnum. Talsverð vinna fór í vefinn en að mati nefndarinnar er mikilvægt að hafa sérstakan vef helgaðan þessum degi á sérstöku léni (skjaladagur.is). Þannig lifir dagurinn lengur og nýtist þeim sem vilja og hafa netaðgang. Vefurinn var talsvert sóttur. Alls voru 4150 flettingar í nóvember miðað við 650 í fyrra (sjá nánar samantekt BJ í fylgiskjöllum 3 og 4). Ástæðurnar eru vafalaust fyrst og fremst tvær, almennt meiri kynning á deginum og vefnum og svo að vefurinn var ekki undirsíða á vef ÞÍ heldur á sér léni sem auðvelt er að muna.

Aðgerðalisti og kynningarmál. Nefndin varð fljótlega á því máli að vinna eftir rúmri áætlun og fyrirframgerðu skipulagi. Það kom í hlut Svanhildar að gera tillögu að aðgerðalista og áætlun um kynningar og fjölmiðlasamskipti. Þetta reyndist afar mikilvægt gagn þegar upp var staðið enda lögð meiri áhersla en áður á að ná athygli fjölmiðla og tókst það með ágætum. Ein forsenda þess að fjölmiðlar höfðu meiri áhuga á skjaladeginum nú var að við lögðum meiri vinnu í þennan kynningarþátt en áður og skipulögðum hann betur. Hér skipti sköpum að ÞÍ fékk fjölmiðlamann til að vinna sérstaklega í fjölmiðlasamskiptunum, skrifa greinar og kynningarefni, síðustu tvær vikurnar. Hefði reyndar þurft að byrja fyrr. Þá tókst að fá tvo ráðherra til að koma og taka þátt í dagskránni en það var forsenda þess að sjónvarpið kom á staðinn. Rætt var við fulltrúa Þjóðskjalasafnsins í vikunni fyrir skjaladag í ríkisútvarpinu. Blöðin birtu greinar og viðtöl við þjóðskalavörð, borgarskjalavörð og fleiri. Ríkissjónvarpið flutti fréttir af skjaladeginum og viðtal var haft við þjóðskjalavörð í Kastljósi í vikunni eftir skjaladag. Meiri umfjöllun var nú í fjölmiðlum en áður, sjá fylgiskjal 2. Þá var sameiginleg auglýsing á vef Morgunblaðsins og á götuskiptum í Reykjavík. Þessi aukna athygli leiddi til þess m.a. að við fengum fleiri gesti en áður og örugglega vissu fleiri af skjaladeginum en áður þótt ekki hafi þeir farið í söfnin þann dag.

Samvinna við skjalamyndara. Eitt af því sem nefndin lagði til við skjalasöfnin var að taka upp samstarf við skjalamyndara um skipulag og framkvæmd skjaladagsins. Nokkur skjalasöfn gerðu þetta, buðu skjalamyndara sem tengdist þemanu til samstarfs. Þjóðskjalasafn bauð landlæknisembættinu til samstarfs og í sameiningu bjuggu starfsmenn þessara stofnana til sýningu á skjölum landlæknisembættisins. Þá fóru starfsmenn í gagnkvæmar heimsókn í stofnanirnar og kynntu sér starfið. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar vann með hestamannafélaginu Faxe að sýningu á skjölum félagsins. Safnið fékk auk þess til vörslu skjöl fyrsta formanns félagsins. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar vann með Lágafellsskóla og tók einn árgangur barna þátt í starfi sem safnið og skólinn skipulögðu í sameiningu. Þá hafði Borgarskjalasafn samstarf við samtök Íþróttafélaga í Reykjavík og tók m.a. við skjölum frá þeim. Samvinna af þessu tagi getur skilað miklu, söfnin ná í skjöl og geta styrkt ímynd sína og skjalamyndari verður sér betur vitandi um mikilvægi góðrar skjalavörslu.

Að þessu sinni var lögð áhersla á að kynna skjalasöfnin sem rannsóknarsöfn með því að vekja athygli á þeim fjölbreyttu heimildum sem þau geyma og um leið miklum rannsóknarmöguleikum. Á vefnum var í þessu skyni upptalning á heimildaflokkum sem tengdust þemanu. Þá var það markmið að styrkja vitund almennings um hlutverk og gildi skjalasafna og benda á að skjalasöfn séu tryggir og heppilegir vörslustaðir heimilda um samfélagið.

Á skjaladegi 8. nóvember 2003

Framkvæmd Norræna skjaladagsins tókst að mati nefndarinnar með ágætum í ár. Þau skjalasöfn sem voru opin og með sýningar voru yfirleitt vel sótt. Í Reykjavík sóttu mun fleiri það sem í boði var en í fyrra. Það á bæði við dagskrá í Þjóðskjalasafni og sýningu sem Borgarskjalasafn var með í Kringlunni, stærstu verslunarmiðstöð Reykjavíkur. Reiknað er með að um 1000 manns hafi skoðað sýninguna þar og mun fleiri tóku eftir henni þar sem hún var í alfaraleið. Meðal gesta þar voru nokkrar gamlar íþróttkempur sem sérstaklega heiðruðu sýninguna með nærveru sinni. Skjalasafn Kópavogsbæjar fór svipaða leið og sýndi skjöl á kaffihúsi. Þá var dagskrá með þátttöku gamalla íþróttamanna í Héraðsskjalasafni Austurlands. Nefna ber góða aðsókn á sýningu í Héraðsskjalasafni Ísfirðinga á skjölum íþrótt- og ungmennafélaga en þangað komu um 100 manns.

Gert var meira úr dagskrá Þjóðskjalasafns en áður m.a. var ráðherrum boðið að taka þátt. Við setningu dagsins í Þjóðskjalasafni afhenti Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra Sigurði Guðmundssyni landlækni innrammaða fyrstu prentuðu skjalaskrá Landlæknisembættisins sem Þjóðskjalasafnið gaf út um miðja síðustu öld. Síðar sama dag afhenti Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra skrautritað vottorð um fæðingu og skírn þess síðarnefnda, þegar hann opnaði formlega sýningu á skjölum landlæknisembættisins.

Matsblað sent út til þátttökusafna

Í kjölfar skjaladags endurnýjaði nefndin matsblaðið sem sent var út í fyrra og sendi til allra safna. Þrettán svör bárust, þar af frá tíu af þeim 11 sem tóku þátt í skjaladeginum (fyrir utan að vera með í vefnum).

Tíu söfn voru með sýningar og flest (8) voru með veitingar. Fæst voru hins vegar með gestabók eða 3 en 10 í fyrra. Nefndarmenn voru sammála um að mikilvægt sé fyrir söfnin að skrásetja starfið á skjaladegi bæði með því að fá gesti til að skrifa í gestabók og svo að taka myndir af atburðum dagsins. Þá lýstu flestir ánægju með plakat og vef. 6 þeirra sem svöruðu spurningunni: Hvernig tókst skjaladagurinn? svöruð því til að hann hafi gengið vel en 4 að hann hafi gengið sæmilega. Um önnur atriði vísast í samantektina hér að aftan (fylgiskjal 3).

Kostnaður

Hér er reynt að leggja mat á kostnað við skjaladaginn bæði sameiginlegan og kostnað einstakra skjalasafnanna. Hér er um útlagðan kostnað og vinnuframlag er ekki metið. Það væri þó eðlilegt að reikna þan kostnað líka. Nefna má að vinna vefara skjaladags.is og fjölmiðlafulltrúa var um 350.000 kr. svo dæmi sé tekið af tveimur afmörkuðum verkefnum. Þarna er um að ræða talsverða vinnu.

Sameiginlegur kostnaður vegna skjaladags 2003¹

Kostnaðarliður	Upphæð
Götuskilti í Reykjavík	51.991
Plakat hönnun	62.250
Plakat prentun	46.798
Auglýsing á vef Morgunblaðsins	35.000
Lénið skjaladagur.is	7.918
Ferðakostnaður (fundur í Khöfn)	216.141
Akstur	84.000
Póstkostnaður (sending plakats)	5000
Veitingar	23.000
Alls	532.098

Skjalasöfnin voru beðin um að greina frá útlögðum kostnaði og var hann svo hjá þeim sem svörðu:

Kostnaður einstakra skjalasafna vegna skjaladags 2003²

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	30.766
Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar	0
Héraðsskjalasafn Austurlands	50.000
Héraðsskjalasafn Akureyrar	0
Héraðsskjalasafn Ísafjarðarkaupstaðar	0
Héraðsskjalasafn Kópavogs	0
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	9.000
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	5.000
Borgarskjalasafn	550.000
Þjóðskjalasafn	175.541
Alls	820.307

Þegar samtölur úr töflunum eru lagaðar saman og bætt við vinnu (að hluta) við hönnun vefjar og við fjölmiðlun liggur á borðinu kostnaður á um 1.7 millj. króna. Ljóst er að talsvert vantar á að allt sé talið og vinnuframlag starfsmanna safnanna er ekki reiknað sem kostnaður. Hér er því um að ræða umfangsmikið kynningarstaf sem vonandi skilar því m.a. að almenningur þekkir betur til skjalasafnanna.

¹ Sumar tölur eru skv. áætlun þar sem reikningar voru ekki innkomnir.

² Hér gildir það sama að sumar tölur eru skv. áætlun þar sem reikningar voru ekki innkomnir.

Næsti skjaladagur

Árið 2004 ákveður hvert land fyrir sig hvaða þema eða viðfangsefni það vill hafa á hinum norræna skjaladagi. Á útsendu matsblaði var spurt um hvort menn hefðu hugmyndir um undirbúnings næsta skjaladags. Sjö (af 13) svöruðu. Fjórir af þeim vilja að undirbúningsnefnd starfi áfram. Þá var spurt um hvort söfnin ættu að vera með sameiginlegt þema næsta ár og 11 svöruðu því játandi. Nokkrar tillögur komu um þema.

Á skýrslugerðarfundi sínum ræddi undirbúningsnefndin stuttlega um þema og undirbúning næsta skjaladags. Nefndarmenn voru á því að þema skyldi valið þannig að það hentaði vel héraðsskjalasöfnunum. Þá var nefnt að gaman væri að varpa ljósi á sögu héraðanna, sýna að á grundvelli skjalanna í söfnunum mætti segja sögu.

Annars leggur nefndin til að hún starfi áfram og á svipuðum nótum. Þannig yrði mikilvæg reynsla nýtt öllum til hagsbóta. Hún leggur til að skjalasöfnin sameinist um sýningu á fjölförnum stað/stöðum svipað og Borgarskjalasafn gerði í Kringlunni. Næsta ár verði sérstakur vefur eins og nú og útgefið plakat eða bæklingur. Þemað verði sameiginlegt og fljótlega á næsta ári verði það skilgreint og sent út til umræðu.

Fylgiskjöl:

1. Nefnd um norrænan skjaladag 2003 kannar viðhorf til tillagna sinna.
2. Yfirlit yfir auglýsingar og birtingar í fjölmiðlum samkvæmt því sem skjalasöfnin tilkynntu.
3. Matskýrsla um skjaladag
4. Aðsókn á vef.
5. Aðsendar myndir frá skjaladegi.

Steinur J. Guðmundsson
Svanhildur Bogadóttir
Jón K. Torfason
Sölveig Magnúsdóttir
Yón Torfason

Fylgiskjal 1

Nefnd um norrænan skjaladag 2003 kannar viðhorf allra á skjalapósti með eftirfarandi:

Þema dagsins í ár 2003

1. Eftirfarandi tillögur eru komnar fram um orðalag þema ársins í ár. Vinsamlega taktu afstöðu til þeirra með því að raða þeim í forgangsröð með því að númera þau frá 1 (það sem þér líst best á) og áfram. Auða línan er fyrir þína tillögu!

Hraustir menn	2
Kroppur í kreppu	2
Heilsu haldið til haga	2
Góð íþrótt er gulli betri	7
Kroppar í kassa	

Tölurnar sýna fjölda þeirra sem völdu slagorðin nr. 1.

2. Viltu gera athugasemdir við útlit norrænu síðunnar

<http://www.lokalarkiver.dk/arkivdag/2003/index.htm> ?

Já 4

nei 6

Ertu samþykkur því að sameiginleg norræn fréttatilkynning verði send út í tilefni dagsins? **Allir**

Ertu samþykkur því að öll söfnin taki þátt a.m.k. með þátttöku í sameiginlegri vefsíðu/-sýningu. **9 sammála um vefsíðu, 1 svaraði ekki.**

Viltu að þitt safn taki þátt í ár með a.m.k. þátttöku í sameiginlegum vef?

Að allir leitist við að finna sér samstarfsaðila í héraði. **6 já við því, Ísafjörður Nei, Siglufjörður hefur ekkert á móti því, Vestmannaeyjar ætluðu að reyna, Axel var ekki viss.**

endurskoðun á gamla kynningarbæklingnum um héraðsskjalasöfnin. **9 líst vel á það, Axel ekki viss.**

Viltu hafa samræmi í útliti og framsetningu

Viltu hafa sameiginlegt plakati

Viltu hafa sameiginlegan fund um norrænan skjaladag um miðjan maí? **8 vildu ræða daginn, Siglufjörður alveg eins, Axel ekki viss.**

Hvaða hugmyndir aðrar hefur þú um hvernig eigi að hafa daginn í ár

Sendið svörin til Sólveigar.....

Sólveigar Magnúsdóttur sm@mos.is

Með bestu kveðjum,

Sólveig, Jóna G., Svanhildur, Jón Torfason og Eiríkur G.

Fylgiskjal 2

Yfirlit yfir auglýsingar og birtingar í fjölmiðlum samkvæmt því sem skjalasöfnin tilkynntu.

1. Alm.: Götuskilti (28 stk.) í miðbæ Reykjavíkur frá 4.-11. nóv.
2. Alm.: Auglýsing á vef Mbl. frá 5.- 9. nóv.
3. Alm.: Viðtal við Eirík G. Guðmundsson í Samfélagið í nærmynd 5. nóv. (u.þ.b. 10 mín).
4. Alm.: Frétt með mynd í Mbl. 7. nóv. “Söfnin huga að heilsunni.” Skrifuð af Sindra Freyssyni fjölmiðlafultrúa og er almennt um skjaladaginn í ár.
5. Alm.: Grein um skjaladaginn í Mbl. 8. nóv. Opna með viðtölum við þjóðskjalavörð, landlækni, borgarskjalavörð, formann skjaladagsnefndar. Skrifuð af Sindra Freyssyni.
6. ÞÍ: Frétt í RÚV- sjónvarpi 8. nóv.
7. ÞÍ: Viðtal við Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð í kastljósi þriðjudag 11. nóv. var afrakstur fjölmiðlakynningar í tengslum við skjaladaginn.
8. Borgarskj.s.: RÚV: Fréttatími Sjónvarps 6. nóvember: Frétt um afhendingu skjala Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.
9. Borgarskj.s.:SÝN: Olíssport 7. nóvember: Umfjöllun um afhendingu skjala Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.
10. Borgarskj.s.:MBL: Íþróttablað Mbl. 7. nóvember: Frétt um afhendingu skjala Knattspyrnuráðs Reykjavíkur.
11. Borgarskj.s.:MBL: Innendar fréttir. 8. nóvember. Viðtal við borgarskjalavörð og umfjöllun um dagskrá Borgarskjalasafns á skjaladaginn.
12. Borgarskj.s.:MBL: 8. nóvember. Innendar fréttir. Sýning á gömlum skjölum í Kringlunni. Umfjöllun um dagskrá Borgarskjalasafns í Kringlunni.
13. Borgarskj.s.:RÚV: Fréttatími Sjónvarps 8. nóvember: Frétt um Norræna skjaladaginn í Kringlunni ásamt viðtali við borgarskjalavörð og gesti.
14. Borgarskj.s.:RÚV: Hádegisfréttir 8. nóv. Fjallað um skjaladaginn og sérstaklega tekið fyrir hvað Borgarskjalasafnið ætlaði að gera.
15. Borgarskj.s.:MBL: Birt grein borgarskjalavarðar Er íþróttasaga Reykjavíkur varðveitt á heimili þínu? laugardag 15. nóvember.
16. Borgarskj.s.:Einnig birtist stutt fréttatilkynningar í Fréttablaðinu 7. nóv.
17. Héraðsskjalasafn Austurlands. Frétt með mynd í Mbl. 8. nóv. “Norræni skjaladagurinn á Egilsstöðum. Er heilsunni haldið til haga?”
18. Héraðsskjalasafnið Ísafirði: 7. okt. Rúv –vest (dagbók).
19. Héraðsskjalasafnið Ísafirði: 10. okt. www.bb.is
20. Héraðsskjalasafnið Ísafirði: 12. okt. Umfjöllun með myndum í Bæjarins bestu.
21. Héraðsskjalasafnið í Mosfellsbæ. Sveitungi, bæjarblað. Birtist 8. nóv.
22. Héraðsskjalasafnið í Mosfellsbæ. www.mos.is Birtist 7. nóv.
23. Héraðsskjalasafnið í Mosfellsbæ. www.lagafellsskoli.is Birtist 6. nóv.
24. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. Í Skessuhorni 22. okt. birtist fréttatilk./ kynning á Norrænum skjaladegi. Þar var m.a. fjallað um aðild Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar og hvatt til þess að þeir sem hafa að geyma skjöl sem tengjast þema skjaladagsins, og einkum Hestamannafélaginu Faxe, tryggja varðveislu þeirra með því að afhenda þau skjalasafninu. (2 myndir af íþróttafólki í Reykholti frá 5. áratug).
25. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. Í Skessuhorni 19. nóv. birtist fréttatilk. um hversu vel tókst til á Norrænum skjaladegi. Þar var fjallað aðeins um sýninguna og áhugasama gesti en mest gert úr skjalaafhendingu Ómars Arasonar og Ara

- Guðmundssyni gerð ágæt skil. (Mynd af Ómari Arasyni þar sem hann afhendir skjöl föður síns).
26. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. Mbl.-22.nóv. birtist fréttatilk um hversu vel tókst til á Norrænum skjaladegi, samhljóða tilkynningunni 19. nóv. í Skessuhorni. (Mynd af áhugasömum gestum, niðursokknum í myndband Óskars Þórs).
 27. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar. Útvarp -6. nóv. lesin upp fréttatilkynning í útvarpi, skv. áreiðanlegum og glöggum heimildarmanni.
 28. Héraðsskjalasafn Kópavogs. Grein í Kópavogspóstinum daginn fyrir skjaladag. Án myndar. Svo var á Kópavog minnst í aðalgrein varðandi daginn í Mbl.
 29. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja. Grein og auglýsing birtust í héraðsfréttablaðinu FRÉTTUM. Auk þess var dagurinn kynntur á plakötum víða úti í bæ og á vefsíðu dagsins.

Fylgiskjal 3

Norrænn skjaladagur 8. nóvember 2003
Mat á kynningu og aðsókn

Alls tóku 11 skjalasöfn þátt í norræna skjaladeginum. Þátttökuaðilar svöruðu útsendu spurningablaði um kynningu, aðsókn og fleiri atriði. Svör bárust frá 10 af þátttökuáðilum og 3 sem ekki tóku þátt. Hér á eftir er samantekt á svörum. Tölur í hornklofum eru svör frá 2002 að svo miklu leyti sem spurningarnar eru sambærilegar.

1. Var sett upp sérstök sýning í tilefni af deginum?

Já = 10 [12], Nei = 3 [0]

2. Voru veitingar handa gestum?

Já = 8 [9], Nei = 3 [3], Ekki svarað = 2

3. Lá gestabók frammi?

Já = 3 [10], Nei = 7 [2], Ekki svarað = 3

4. Hvernig var dagurinn kynntur?

Auglýst = 9 [10], Ekki auglýst = 2, Ekki svarað = 2

Aðallega var auglýst í Morgunblaðinu (4), RÚV hljóðvarp (5) og staðarblöðum (8). Einnig var auglýst í RÚV sjónvarpi (1), Sýn (1), og í Fréttablaðinu (2).

Önnur kynning sem tilgreind var í svörum: Grein í Mbl (1), boðskort (1), götuskilti (2), plaköt (2), Internet (2), innranet (1), tölvupóstur (1), dreifibréf (2), blaðamannafundur (1) og kynning í bæjarstjórn og bæjarráði (1).

5. Hvað komu margir gestir?

	2003	2002
Þjóðskjalasafn Íslands	51	11
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	1040 ³	11
Héraðsskjalasafn Kópavogs	100	
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar		
Héraðsskjalasafn Akranesskaupstaðar	14	
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	40	11
Héraðsskjalasafn Ísfirðinga	100	
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu		
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu		2
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga		50
Héraðsskjalasafnið á Akureyri		15
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	30	7
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	15	um 40
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaft.		ca. 200
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	80	137
Héraðsskjalasafn Árnesinga		5
Samtals	1470	489

Nöfn safna sem tóku þátt í skjaladeginum 2003 eru feitletruð.

³ Uppreiknað og áætlað með hliðsjón af 15 mín. talningu utan álagstíma.

6. Komu margir gestir sem ekki höfðu komið á safnið áður?

Já = 7 [5], Nei = 2 [5], Ekki svarað = 4 [1]

7. Skýringar á lítilli eða mikilli aðsókn.

Lítill aðsókn (3): Etv lítill áhugi, hörð samkeppni, viðburðaríkur dagur, aðsókn dreifist á alla daga nóvembermánaðar.

Mikil aðsókn (4): Skipulag með samstarfsaðila skilaði árangri, góð staðsetning, góðar kynningar, gott starf undirbúningsnefndar, sýning á veitingastað, vel auglýst, áhugi fyrir safninu, dreifibréf skiluðu árangri.

Ekkert svar (6).

8. Hvernig nýttist þér starf undirbúningsnefndar?

Vel = 9, Sæmilega = 0, Ekkert = 1, Ekki svarað = 3

9. Hvernig fannst þér plakatið?

Gott = 11, Sæmilegt = 1, Lélegt = 1

10. Hvernig fannst þér vefurinn?

Góður = 11, Sæmilegur = 2, Lélegur = 0

Fannst þér til bóta að hafa sérstakt lén fyrir vef skjaladagsins?

Já = 11, Nei = 1, Ekki svarað = 1

11. Hvernig tókst skjaladagurinn?

Vel = 6, Sæmilega = 4, Ekki nógu vel = 0, Ekki svarað = 3

Betur en 2002 = 5, Svipað og 2002 = 3, Ekki eins vel og 2002 = 0, Ekki svarað = 5

12. Telur þú að söfnin eigi að vera með sameiginlegt þema næsta ár?

Já = 11, Nei = 1, Ekki svarað = 1

Tillögur að þema fyrir næsta skjaladag (5): Þú átt rétt á upplýsingum, Það er leikur að læra, Samsýning eða farandsýning t.d. á stjórnsýsluskjölum, Hús og hóbýli gegnum tíðina, Millistríðsárin, Hafíð, sjórinn, sjósókn, Söfnun skjala frá einstaklingum.

13. Hefur þú hugmyndir um undirbúning næsta skjaladags?

Sjö svör: Áfram verði undirbúningsnefnd (4), Kynna daginn á fjölförnum stað, Byrja undirbúning strax, Söfnin hafi sína hentisemi annað hvert ár, Svipað snið og núna.

14. Annað

Betri undirbúningur = betri árangur, Virkja fleiri og betur.

Samantekt

Rétt er að leggja áherslu á að tölfræði svaranna hér að framan er unnin upp úr innsendum matsblöðum þannig að sjónarmið þeirra sem ekki sendu inn matsblöð koma ekki fram.

Þátttaka í ár var svipuð og í fyrra, 11 skjalasöfn tóku þátt núna en 12 í fyrra, en þá hafði þátttaka safnanna aukist um 50% frá árinu 2001.

Flestir eru sammála um að starf undirbúningsnefndarinnar hafi nýst vel. Nefndin lét gera plakat og vef sem hefur sérstakt lén. Hvort tveggja mæltist vel fyrir bæði hjá þeim sem svöruðu matsblaði vegna skjaladagsins og einnig öðrum sem tjáðu sig um þessi atriði. Flest þátttökusöfnin auglýstu skjaladaginn í blöðum eða ljósvakamiðlum og í Reykjavík á götu-skiltum. Þá voru ritaðar greinar, dreifibréf og tölvupóstur send, haldinn blaðamannafundur og dagurinn kynntur með ýmsu öðru móti. Svo virðist sem þetta undirbúnings- og kynningarstarf hafi skilað árangri því í flestum tilvikum komu fleiri gestir á viðburði safnanna heldur en á síðasta skjaladegi. Einnig er að sjá að þetta átak hafi gjarnan skilað gestum sem ekki hafa heimsótt söfnin áður.

Vikuna fyrir skjaladaginn voru 156 flettingar á vef skjaladagsins, í viku skjaladagsins voru flettingar 2.851, þar af 222 á skjaladeginum sjálfum (voru 182 í fyrra). Vikuna eftir skjaladaginn voru flettingar 821 og hefur fjöldi þeirra farið hraðminnkandi síðan og var 84 flettingar í lokaviku nóvember (36 í fyrra). Flettingar voru alls 4.150 í nóvember samanborið við 650 í fyrra. Umferð um vef skjaladagsins hefur þannig margfaldast frá fyrra ári og eru ástæður þess líklega þríþættar. Í fyrsta lagi var auglýsing um skjaladaginn birt á mbl.is frá miðvikudegi til föstudags, í öðru lagi hefur bæst við umferð frá samstarfsaðilum safnanna og í þriðja lagi er ekki fráleitt að gera ráð fyrir að betri undirbúningur hafi skilað meiri umferð um vefinn, rétt eins og fleiri gestum til safnanna. Sjá nánar greinargerð um aðsókn á vefinn, fylgiskjal 4.

Flestir eru sammála um að vel hafi tekist til með framkvæmd skjaladagsins 2003 og betur en á síðasta ári. Þá sýnist flestum ráðlegt að söfnin hafi sameiginlegt þema á næsta skjaladegi og varpað er fram tillögum að þema sem næsta undirbúningsnefnd getur íhugað, en verulegur áhugi er á að undirbúningsnefnd starfi áfram með svipuðu sniði og í ár.

Þjóðskjalasafn Íslands
1. desember 2003


Benedikt Jónsson

Fylgiskjal 4

Allar tölur eiga við vikur 45-48 að báðum meðtöldum, en það tímabil er nokkurn veginn allur nóvembermánuður.


Gestir

Vika	Fjöldi	%
45	443	78,3%
46	68	12,0%
47	34	6,0%
48	21	3,7%
Samtals	566	100,0%



Innlit


Vika	Fjöldi	%
45	519	78,6%
46	80	12,1%
47	35	5,3%
48	26	3,9%
Samtals	660	100,0%



Við tengingu gests við vef er hverju einstöku innliti gefið einkvæmt númer, sem þýðir að þetta númer er ekki notað aftur. Innlitsnúmerið er geymt sem kaka (e. cookie) á tölvu gestsins í 60 mín.

Dvalartími á vef

	Tími	Innlit
A	0-10 sek.	35
B	11-30 sek	42
C	31-60 sek	23
D	1-3 mín.	147
E	5-15 mín.	65
F	16-30 mín	8
G	>30 mín.	78
Samtals:		398




Fylgiskjal 4

Flettingar


Vika	Fjöldi	%
45	2.851	71,4%
46	821	20,6%
47	238	6,0%
48	84	2,1%
Samtals:	3.994	100,0%

Ein fletting verður til þegar lesendur vefsins hafa sótt eitt vefskjal (síðu) af vefnum og náð að hlaða það inn í vafrann.




Flettingar á einstökum síðum, 10 efstu

Síða	Flettingar
skjaladagur_forsida	742
thjodskjalasafn_forsida	207
mosfellsbaer_skjaladagur	189
thjodskjalasafn_gogn	187
thjodskjalasafn_gogn_brefa	158
borgarskjalasafn_forsida	137
mosfellsbaer_forsida	137
thjodskjalasafn_skjaladagur	137
skjaladagur_um	121
thjodskjalasafn_gogn_hegning	114
Samtals:	2.129



Síðufjöldi á innlit

Fjöldi	Innlit
1 síða	224
2 síður	80
3 síður	60
4 síður	56
5 síður	41
6 síður	24
7 síður	13
8 síður	18
9 síður	17
>10 síður	95
Samtals:	628




Fylgiskjal 4

Tilvísanir

Lén	Innlit	Hlutfall
mbl.is	228	51,4%
skjaladagur.is	82	18,5%
skjalasafn.is	40	9,0%
archives.is	18	4,1%
lokalarkiver.dk	18	4,1%
leit.is	16	3,6%
mos.is	14	3,2%
google.com	6	1,4%
kopavogur.is	6	1,4%
landlaeknir.is	4	0,9%
mosfellsbaer.is	4	0,9%
rvk.is	4	0,9%
eyjar.is	2	0,5%
google.de	1	0,2%
grundarfjordur.	1	0,2%

Samtals: 444 100,0%


Listi yfir lénin sem helst vísuðu gestinum inn á síðuna ásamt eigin léni. Athugið, innlit frá eigin léni eru höfð með til samanburðar.



Tegund vafra

Vafri	Innlit	%
IE	704	94,5%
Mozilla	33	4,4%
Opera	2	0,3%
Safari	2	0,3%
Óþekktur	4	0,5%


Samtals 745 100,0%



Stýrikerfi gesta

Stýrikerfi	Innlit	%
Windows	686	92,1%
Mac	26	3,5%
Linux	1	0,1%
Óþekkt	32	4,3%


Samtals: 745 100,0%



Fylgiskjal 4


Stuðningur við Java

Stuðningur	Innlit	%
Já	712	95,6%
Nei	33	4,4%
Samtals:	745	100,0%




Skjáupplausn

Upplausn	Innlit	%
640x480	1	0,2%
800x600	97	14,9%
1024x768	377	58,0%
1152x856	26	4,0%
1280x960	138	21,2%
1400x1050	6	0,9%
1600x1200	5	0,8%
Samtals:	650	100,0%



Litadýpt

Litadýpt	Innlit	%
8bita	12	1,7%
16bita	198	27,8%
24bita	50	7,0%
32bita	452	63,5%
Samtals:	712	100,0%



Niðurstaða í stuttu máli:

Meðaljóninn kom af **mbl.is** inn á skjaladagsvefinn í viku 45, nánar tiltekið á föstudegi 7. nóv., og dvaldist á vefnum í 1-3 mínútur við að skoða forsiðuna.

Meðaljóninn notar Internet Explorer 6.0 vafra, sem styður Java, hann er með Windows XP stýrikerfi á tölvunni sinni og notar 1024x768 skjáupplausn með 32ja bita litadýpt.

Fylgiskjal 5



Ákranes_Gestir á skjaladegi_1.jpg



Ákranes_Gestir á skjaladegi_2.jpg



Borgarnes_1.jpg



Borgarnes_10.jpg




Borgarnes_14.jpg



Borgarnes_15.jpg



Borgarnes_16.jpg



Borgarnes_18.jpg




Borgarnes_19.jpg



Borgarnes_30.jpg



Borgarskjalasafn_2718.jpg



Borgarskjalasafn_2764.jpg



Borgarskjalasafn_2775.jpg



Borgarskjalasafn_2792.jpg



Borgarskjalasafn_2804.jpg



Isafjordur_01.jpg



Isafjordur_02.jpg



Isafjordur_03.jpg



Isafjordur_04.jpg



Isafjordur_05.jpg



Mosfellsbaer_6_b_01.jpg



Mosfellsbaer_6_b_05.jpg



Thjodskjalasafn_04.JPG



Thjodskjalasafn_07.JPG



Thjodskjalasafn_11.JPG




Thjodskjalasafn_17.JPG



Thjodskjalasafn_18.JPG



Thjodskjalasafn_19.JPG



Thjodskjalasafn_35c.jpg



Thjodskjalasafn_41.JPG



Thjodskjalasafn_43.jpg



Thjodskjalasafn_51.JPG



Thjodskjalasafn_54.JPG



Thjodskjalasafn_63.JPG



Thjodskjalasafn_77.JPG



Thjodskjalasafn_79.JPG



Thjodskjalasafn_80.JPG



Thjodskjalasafn_90.JPG